

***BORGARRÁÐ 8. júní 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lækkun fasteignagjalda vegna hækkunar fasteignamats - R17060064***

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að nú þegar verði hafin vinna við að undirbúa lækkun fasteignaskatta hjá Reykjavíkurborg vegna hækkunar fasteignamats langt umfram eðlilega verðlagsþróun. Nýtt fasteignamat tekur gildi 1. janúar 2018 þar sem meðalhækkun á höfuðborgarsvæðinu er 14,5%. Miða skal við að Reykjavíkurborg leggi lægri skattprósentu en nú er í gildi á nýtt og hærra fasteignamat til að draga úr skattbyrði borgarbúa.